Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, mánudaginn 4. desember 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður og Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir og Luciano Dutra. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Starf málnefndar á næsta kjörtímabili

Rætt var um næsta kjörtímabil Íslenskrar málnefndar. Ekki hefur enn verið gengið frá tilnefningu nýrra fullrúa í Íslenskrar málnefndar fyrir næsta kjörtímabil.

2. Önnur mál

a) *Skipun fulltrúa Íslenskrar málnefndar í örnefnanefnd*

Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Arnbjörn Jóhannesson hafa verið tilnefnd í örnefnanefnd sem fulltrúar Íslenskrar málnefndar.

b) *EFNIL*

Steinunn Stefánsdóttir greindi frá fundi sem hún sótti á vegum EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) í Ljubliana í Slóveníu. Á fundinum hélt Starkaður Barkarson boðsfyrirlestur sem bar yfirskriftina Language Portals, an overview. Rætt hefur verið um að halda fund EFNIL árið 2027 á Íslandi.

c) *Netverk norrænna málnefnda*

Fundur í netverki norrænna málnefnda verður haldinn í Reykjavík í ágúst á næsta ári. Undirbúningur fyrir fundinn er hafinn.

d) *Málstefna RÚV*

Anna Sigríður Þráinsdóttir greindi frá því að unnið væri að nýrri málstefnu hjá RÚV og að hún yrði fljótlega frágengin.

e) *Málfregnir*

Áætlað er að næsta hefti Málfregna komi út um miðjan desember og er útgáfan helguð málræktarþinginu 28. september sem bar yfirskriftina Íslenskunám nýrra Íslendinga.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17:40

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.